



Vátryggingafélag Íslands hf.

Afkoma á fyrstu níu mánuðum ársins 2015

Samstæðuárshlutareikningur félagsins fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2015 var staðfestur af stjórn og forstjóra félagsins á stjórnarfundum þann 29. október 2015. Árshlutareikningurinn hefur ekki verið kannaður eða endurskoðaður af endurskoðendum félagsins.

Helstu niðurstöður

- 1.989 m.kr. hagnaður varð af rekstri félagsins á fyrstu níu mánuðum ársins samanborið við 906 m.kr. hagnað fyrir sama tímabil árið 2014.
- Fjárfestingatekjur námu 2.973 m.kr. samanborið við 1.426 m.kr. fyrir sama tímabil í fyrra.
- Iðgjöld tímabilsins námu 12.390 m.kr. samanborið við 11.853 m.kr. sama tímabil í fyrra og nemur hækkunin 4,5%.
- Framlegð af vátryggingarekstri var neikvæð um 468 m.kr. Framlegð af vátryggingarekstri á sama tímabili í fyrra var jákvæð um 20 m.kr.
- Kostnaðarhlutfall var 21,3% samanborið við 21,6% á sama tímabili í fyrra.
- Samsett hlutfall var 104,7% en var 100,8% á sama tímabili í fyrra.
- Heildareignir í lok tímabilsins námu 46.793 m.kr. samanborið við 46.466 í árslok 2014.
- Fjárfestingaeignir félagsins námu 33.334 m.kr. en voru 34.658 í árslok 2014.
- Eigið fé félagsins nam 14.546 m.kr. samanborið við 15.956 í árslok 2014.
- Eiginfjárlutfall var 31,1% í lok tímabilsins.
- Arðsemi eigin fjár var 17,4% á tímabilinu á ársgrunni.
- Félagið greiddi hluthöfum sínum arð að fjárhæð 2.488 m.kr. í apríl. Ennfremur keypti félagið eigin hlutabréf fyrir 912 m.kr. fyrstu níu mánuði ársins og átti sem nam 4,4% af heildarhlutafé þess þann 30. september s.l.

Sigrún Ragna Ólafsdóttir, forstjóri

„Hagnaður af rekstri félagsins fyrstu níu mánuði ársins var tæpir 2 milljarðar króna og nam arðsemi eigin fjár 17,4% á ársgrunni. Góð afkoma skýrist af góðri ávöxtun fjárfestingaeigna. Fjárfestingastarfsemin hefur gengið vel á árinu og er jákvæð afkoma af öllum eignaflokkum. Ávöxtun skuldabréfa hefur verið góð og eins hefur hlutabréfasafn félagsins skilað ágætri afkomu það sem af er ári. Hluti af fjárfestingaeignum, viðskiptakröfum og innlánunum eru í erlendri mynt. Þessar eignir lækkuðu í virði um tæpar 300 m.kr. á þriðja ársfjórðungi sökum þróunar á gengi hlutabréfa á erlendum mörkuðum og styrkingar íslensku krónunnar. Það er ánægjulegt að sjá að góður vöxtur er í innlendum iðgjöldum. Hækkun á bókfærðum iðgjöldum fyrstu níu mánuði ársins er 5,4% og hækka bókfærð iðgjöld á þriðja ársfjórðungi um 9,4% frá þriðja fjórðungi í fyrra. Þrátt fyrir iðgjaldavöxt hefur umtalsverður vöxtur í tjónatíðni á tímabilinu valdið því að tjónakostnaður hefur aukist meira en sem nemur hækkun iðgjalda. Afkoma af ökutækjatrýggingum sem telja um helming af iðgjöldum félagsins er óviðunandi á öllum fjórðungum rekstrartímabilsins.“

Horfur

Ágætur iðgjaldavöxtur var á fyrstu níu mánuðum ársins og reiknar félagið með að iðgjöld ársins vaxi um ríflega 4%. Ólíklegt er að markmið félagsins um að samsett hlutfall á árinu 2015 verði undir 100% náist og munar þar mestu um aukinn tjónþunga vegna óveðurs á fyrri hluta ársins og verulega aukningu tjónakostnaðar í ökutækjatrýggingum. Afkoma af fjárfestingastarfsemi var góð á rekstrartímabilinu sé tekið mið af helstu viðmiðunarvísitölum og ef fer sem horfir eru væntingar um að ávöxtun á árinu í heild verði ágæt.

Um VÍS

VÍS er leiðandi fyrirtæki á sviði vátrygginga á Íslandi. VÍS nýtur sterkrar stöðu á íslenskum vátryggingamarkaði með liðlega þriðjungs markaðshlutdeild. Félagið býður upp á víðtæka vátryggingaþjónustu til viðskiptavina sinna þar sem rík áhersla er lögð á viðeigandi ráðgjöf um vátryggingavernd, gæði í þjónustu, skilvirkni og sveigjanleika.

Meginstarfsemi VÍS er á sviði skaðatrygginga og líftrygginga og starfrækir félagið 32 þjónustuskrifstofur víðsvegar um land. VÍS leggur áherslu á að starfsmenn og þjónustuaðilar félagsins vinni eftir grunngildum þess sem eru umhyggja, fagmennska og árangur.



Hlutverk VÍS

VÍS er traust, leiðandi og framsækið þjónustufyrirtæki sem veitir viðskiptavinum viðeigandi vátryggingavernd og stuðlar að öryggi með öflugum forvörnum.

Kynningarfundur

Kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn hjá VÍS í Ármúla 3, 5. hæð, þann 29. október n.k. kl. 16:15. Þar kynnir Sigrún Ragna Ólafsdóttir forstjóri VÍS afkomu félagsins og svarar spurningum. Kynningarefni fundarins verður aðgengilegt að honum loknum á heimasíðu VÍS: www.vis.is

Fjárhagsdagatal

<u>Viðburður</u>	<u>Dagsetning:</u>
3. ársfjórðungur 2015	29. október 2015
Ársuppgjör 2015	25. febrúar 2016
Aðalfundur 2016	17. mars 2016



Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Sigrún Ragna Ólafsdóttir forstjóri í síma 560-5000 og í netfangi fjarfestatengsl@vis.is.



Rekstraryfirlit

	m.kr.	9M 2015	9M 2014	2014
Rekstur	lögjöld tímabilsins	12.390	11.853	16.023
	Eigin lögjöld	11.955	11.390	15.420
	Fjármunatekjur	2.973	1.426	2.439
	Heildartekjur	15.045	12.935	18.023
	Tjón tímabilsins	-9.828	-9.054	-12.297
	Eigin tjón	-9.905	-8.926	-12.119
	Rekstrarkostnaður	-3.012	-2.939	-3.919
	Heildargjöld	-12.911	-11.892	-16.069
	Hagnaður	1.989	906	1.710
	Hlutföll	Tjónahlutfall	79,3%	76,4%
Eigið tjónahlutfall		82,9%	78,8%	78,6%
Kostnaðarlutfall		21,3%	21,6%	21,4%
Endurtr.kostnaðarlutfall		4,1%	2,8%	2,6%
Samsett hlutfall		104,7%	100,8%	100,7%
Eiginfjárlutfall		31,1%	32,6%	34,3%
Arðsemi eiginfjár		17,4%	7,6%	10,5%
Gjaldþolshlutfall		3,37	3,76	3,11



**Efnahagsyfirlit**

	m.kr.	30.9.2015	31.12.2014
Efnahagur	Eignir		
	Fjárfestingar	31.347	33.258
	Laust fé	1.987	1.400
	Viðskiptakröfur	6.443	5.284
	Endurtryggingaeignir	1.331	1.392
	Aðrar kröfur	1.915	1.540
	Hugbúnaður	1.360	1.185
	Óefnislegar eignir	829	868
	Aðrar eignir	1.581	1.539
	Eignir samtals	46.793	46.466
	Skuldir		
	Eigið fé	14.546	15.956
	Vátryggingaskuld	29.593	27.577
	Viðskiptaskuldir	1.362	697
Aðrar skuldir	1.292	2.236	
Skuldir samtals	46.793	46.466	
Hlutföll	Eiginfjárhlutfall	31,1%	34,3%
	Gjaldþolshlutfall samstæðu	3,37	3,11

Til athugunar fyrir fjárfesta

VÍS vekur athygli á því að staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna við birtingu tilkynningarinnar. Eðli málsins samkvæmt fela slíkar staðhæfingar í sér óvissu. Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í tilkynningunni. Þessi tilkynning verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar. Staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu gilda eingöngu á þeim tímamarki þegar fréttatilkynningin er fyrst birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.